



21
-
22

NÓVEMBER

20
19

NIÐURSTÖÐUR BARNAPINGS 2019

Umboðsmaður barna boðar til þings um málefni barna annað hvert ár þar sem farið er yfir stöðu og þróun í málefnum barna á helstu sviðum samfélagsins og verða niðurstöður þingsins kynntar ríkisstjórn og hlutaðeigandi ráðherrum.

Nánar á www.barnathing.is



12. gr. Barnasáttmálans

1. Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálst í ljós í öllum málum sem það varðar, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.

2. Vegna þessa skal barni einkum veitt tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar, á þann hátt sem samræmist reglum í lögum um málsmeðferð.

FRÁ UMBOÐSMANNI BARNA

Eitt helsta markmið barnaþingsins sem haldið var í Hörpu dagana 21. – 22. nóvember 2019, var að skapa vettvang sem væri á forsendum barnanna sjálfra þar sem þau fengju að ráða þeim málefnum sem rædd væru. Með þinginu hófst nýr kafli í réttindasögu barna á Íslandi hvað varðar þátttöku og samráð við börn og við sem komum að skipulagningu þingsins erum óendanlega stolt yfir því hve vel tókst til og þeirri miklu vinnu sem börnin lögðu á sig.

Barnaþinginu er ætlað að veita börnum reglubundinn vettvang til þess að láta í ljós skoðanir sínar á málefnum sem þeim finnst skipta mestu máli hverju sinni. Umboðsmaður barna mun síðan fylgja tillögum barnaþingsins eftir við stjórnvöld. Með þessu er börnum veitt tækifæri til þess að hafa áhrif á samfélagið og stefnumótun stjórnvalda. Barnaþingið er því mikilvægur liður í því að veita sjónarmiðum barna farveg inn í almenna stefnumótun og þjóðfélagsumræðu í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans.

Í þessari skýrslu birtast helstu niðurstöður barnaþingsins og eru þær hugmyndir sem komu fram á þinginu flokkaðar eftir málefnum, eins og sjá má eru hugðarefni barna afar fjölbreytt og langt frá því að börn séu skoðanalaus um framvindu samfélagsins.

Mig langar að þakka öllum þeim sem tóku þátt í skipulagningu barnaþingsins, ráðherrum og þeim fjölmörgu gestum sem tóku þátt en fyrst og fremst barnaþingmönnum sjálfum fyrir einstaklega góða og virka þátttöku. Með framlagi þeirra hafa þeir sýnt, svo um munar, fram á mikilvægi þess að börn séu virkir þátttakendur í samfélagsumræðu. Barnaþingmenn unnu í sameiningu að því að finna nýjar leiðir og lausnir á fjölbreyttum viðfangsefnum, með áherslu á samvinnu, jafnrétti og samfélagslega ábyrgð. Fram að næsta barnaþingi mun embætti umboðsmanns barna vinna að því mikilvæga verkefni að koma þeim hugmyndum á framfæri og í framkvæmd.

Salvör Nordal,
Umboðsmaður barna

INNGANGUR



Fyrsta barnapingið var haldið í Hörpu 21. og 22. nóvember árið 2019. Þingið var haldið með þjóðfundarformi og fengu börnin tækifæri til þess að koma sínum áhersluatriðum á framfæri. Í lögum um umboðsmann barna er kveðið á um að halda skuli þing um málefni barna annað hvert ár. Þingið er opið öllum en embættinu ber að boða fjölbreyttan hóp barna til þingsins, alþingismenn, fulltrúa stofnana ríkis og sveitarfélaga, auk fulltrúa vinnumarkaðarins og frjálsra félagasamtaka sem koma að málefnum barna. Barnapingi er ætlað að efla börn til þátttöku í lýðræðislegri umræðu um málefni sem snerta þau og veita sjónarmiðum þeirra farveg inn í almenna stefnumótun og þjóðfélagsumræðu í samræmi við 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Embætti umboðsmanns barna mun fylgja eftir þeim tillögum sem fram komu á barnapingi og hér eru kynntar. Á næsta barnapingi sem haldið verður árið 2021 mun sérstaklega vera gerð grein fyrir því með hvaða hætti sjónarmið barnanna, frá barnapingi 2019, hafa haft áhrif á stefnumótun stjórnvalda.

Ákveðið var að velja börn á þingið með slembivali úr Þjóðskrá Íslands til þess að fá til þátttöku fjölbreyttan hóp barna. Auk þess var börnum sem tilheyra minnihlutahópum á Íslandi sérstaklega boðið að taka þátt. Með þessari aðferð fékkst hópur barna sem endurspeglar fjölbreytileika barna í landinu. Gætt var að kynja- og aldurshlutfalli og búsetu þátttakenda. Send voru boðsbréf fyrst til 250 barna af öllu landinu í júní 2019 og svo aftur sams konar úrtak um haustið. Alls mættu 139 börn á þingið. Fyrir barnapingið óskaði umboðsmaður eftir borðstjórum á aldrinum 18 – 30 ára. Ríkar kröfur voru gerðar til umsækjenda um reynslu af starfi með börnum og ungu fólki.

UNDIRBÚNINGUR BARNAPINGMANNA

Fyrir þingið tóku börnin þátt í undirbúningsvinnu í gegnum vefkerfið Basecamp. Þar fengu þau upplýsingar um helstu áhersluatriði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og skipulag þingsins. Þau gátu jafnframt átt í samskiptum þar og kynnst öðrum þátttakendum. Fjórir undirbúningsfundir voru haldnir fyrir barnaþingið og unnu börnin jafnframt átta verkefni sem höfðu þann tilgang að fræða þau og efla fyrir þingið.

Hér má sjá dæmi um þessi verkefni, tilgang þeirra og svör barnanna:

Nefndu eitthvað sem þér þykir spennandi við að taka þátt í barnaþingi

Tilgangur verkefnisins var að skoða hvað börnum fannst spennandi við að fá þann vettvang sem barnaþingið veitir og fá hugmyndir að dagskrá þingsins. Börnin voru almennt áhugasöm um þátttöku og ánægð með að tilheyra hópi barnaþingmanna.

Dæmi um svör þátttakenda:

„Mér finnst spennandi að vera partur af hópi barna sem mun hafa áhrif á samfélagið og að fá að heyra skoðanir frá allskonar krökkum sem koma frá ólíkum stöðum á landinu“.

„Mér finnst spennandi að geta sagt skoðun mína á öllu og að fólk tekur því alvarlega, ekki bara segir jájá og lætur það svo bara vera“.

„Núna fáum við rödd í samfélaginu, höfum áhrif innan þess og hjálpa til við að bæta það sem þarf“.

Veldu eina af greinum Barnasáttmálans sem þér finnst flott og segðu okkur af hverju.

Tilgangur verkefnisins var að fá þátttakendur til þess að kynnst Barnasáttmálanum og ræða þær greinar sem þeim þótti mikilvægastar. Fyrir verkefnið fengu börnin fræðslu um sáttmálann á netfundi. Í svörunum nefndu börnin margar greinar sáttmálans.

Dæmi um svör þátttakenda:

2. GR.

„Mér finnst 2. grein flott því það væri ekkert gaman ef allir væru eins, allir með sömu áhugamál. Það eiga allir að fá að njóta þess að vera eins og þeir vilja vera. En allir með sömu réttindi“.

6. GR.

„Fjölskyldan mín er rosa mikilvæg fyrir mér og það ættu öll börn að hafa fjölskyldu eða a.m.k geta upplifað það fá að gera hluti með þeim ganga í gegnum hluti og fá knús frá þeim. Ef maður ætti ekki fjölskyldu hvar væri maður þá?“

12. GREIN.

„Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif. Vegna þess að allar raddir þurfa að heyrast, líka barna“.

Segðu okkur frá fólki eða samtökum sem eru að gera góða hluti fyrir börn

Tilgangur verkefnisins var að fá þátttakendur til þess að huga að góðum og jákvæðum fyrirmyndum sem vinna að málefnum barna. Verkefnið var jafnframt hugsað sem liður í þjálfun barnanna í samfélagsumræðu fyrir þingið. Margar og fjölbreyttar fyrirmyndir voru nefndar og ræddar.

Dæmi um svör þátttakenda:

„Já mér finnst jó! í skókassa gera mjög góða hluti að því að þá eiga krakkar sem fá kannski aldrei jólagjöf tækifæri að fá jólagjöf“.

„Mér finnst Ævar Þór Benediktsson (Ævar vísindamaður) hafa hvatt börn til lesturs með lestrarátaki sínu. Eins hefur hann skrifað skemmtilegar ævintýrabækur fyrir krakka. Villi vísindamaður hefur líka verið skemmtilegur og gert ýmsar vísindatilraunir í bókunum sínum“.

„Sú sem að ég lít upp til er ballet kennarinn minn, hún er góð við alla og hress, lætur mann alltaf líða vel í kringum sig og er tilbúin að hlusta þegar maður þarf á að halda. Hún er líka mjög dugleg að hrósa“.

DAGSKRÁ PINGSINS

Barnaþingið hófst með hátíðardagskrá í Norðurljósum með fjölbreyttum tónlistatriðum og ávörpum og var henni stjórnað af ungmennum úr ráðgjafarhópi umboðsmanns barna. Forseti Íslands og umboðsmaður barna ávörpuðu gesti auk þess sem nokkrir ráðherrar rifjuðu upp bernskuminningar sínar. Frú Vigdís Finnbogadóttir, verndari barnaþingsins, var viðstödd hátíðardagskrána.

Að hátíðardagskrá lokinni færðu gestir sig yfir í Silfurberg þar sem félags- og barnamálaráðherra setti barnaþingið. Þjóðfundur barnaþings hófst daginn eftir. Fyrir hádegi sátu barnaþingmenn í hópum og fóru yfir þau atriði sem þeim þótti mikilvægast að taka til umræðu á barnaþingi. Fyrst fór hver og einn þátttakandi yfir eigin áherslur og eftir það átti sér stað samtal við hvert borð. Borðstjóri var þeim innan handar í ferlinu. Hver hópur valdi síðan í sameiningu þrjú áhersluatriði sem voru rædd við alþingismenn, fulltrúa vinnumarkaðarins og fulltrúa stofnana ríkis og sveitarfélaga þegar þeir bættust við borðin. Loks setti hver hópur barna og fullorðinna fram sameiginlegar tillögur að aðgerðum.



SAMANTEKT Á HELSTU ÁHERSLUMÁLUM Á BARNAPINGI 2019

SKÓLAR OG MENNTUN

Rætt var um fjölmörg atriði sem tengjast skólum og menntun barna. Barnaþingmenn vildu að dregið yrði úr heimanámi og voru margir á þeirri skoðun að það eigi að hætta alveg með heimanám. Barnaþingmenn vildu að matur í mötuneytum skóla væri fjölbreyttari og betri. Einnig að starfsmenn gæti hreinlætis og noti hárnét þegar verið væri að elda mat. Áhersla var lögð á það að maturinn kosti ekki mikið og að skólar geri ráð fyrir því að nemendur gleymi stundum að koma með nesti. Barnaþingmenn höfðu sterkar skoðanir á kennslu og vildu auka val í grunnskólum. Þá fannst þeim einnig mikilvægt að skólinn kenni efni sem komi til með að nýtast börnum í framtíðinni.

„Skipuleggja stundatöfluna betur, hafa skólann opinn í klukkutíma í viðbót til þess að klára heimanámið alla daga með kennara, læra meira fyrir minni heimavinnu“.

„Nafnháttur lýsingarorða þátíðar gagnast ekki. Kenna frumkvöðlahugsun, kenna börnum að koma skoðunum sínum á framfæri. Kenna börnum að bjarga fólki. Lífsleikni gerð markvissari, ekki bara tjill tími. Löggjafinn þarf að vera virkari, ekki eftirá. Kenna börnum að læra. Læra að læra - læra að bjarga sér í upplýsingaheiminum“.

Stytting framhaldsskólanna var einnig rædd og var fjallað um mikilvægi þess að skoða hvaða áhrif styttingin hefur haft á frítíma barna, t.d. hve mörg börn hafi hætt í íþróttum síðan styttingin hófst, samanborið við hlutfallið fyrir styttinguna. Barnaþingmenn vildu að skólinn myndi byrja seinna á daginn. Í því samhengi var fjallað um að auka þurfi fræðslu í skólum um mikilvægi svefns og áhrifa hans á geðheilsu barna og fullorðinna.



MANNRÉTTINDI

Mannréttindi voru mikið rædd og barnaþingmenn vildu að öllum væru tryggð mannréttindi. Sérstaklega var tekið fram að jafnrétti eigi að gilda þegar kemur að rétti til náms og heilbrigðisþjónustu. Fram kom að bæta þurfi aðstöðu fatlaðra og gera notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) aðgengilegri. Einnig að kenna eigi táknmál til þess að allir geti átt í samskiptum. Barnaþingmenn fjölluðu um mikilvægi þess að jafna út launamun almennt og sérstaklega milli kynjanna. Málefni barna á flótta og barna sem búa í stríðshrjáðum ríkjum var einnig á lista yfir umræðuefni barnaþingsins og þá með vísan til þess að öll börn hafi jafnan rétt til menntunar og heimilis. Barnaþingmenn vildu að komið yrði í veg fyrir ofbeldi og að börnum væri tryggt öruggt umhverfi. Fram kom að ekki eigi að skilja börn frá fjölskyldum sínum og koma þurfi í veg fyrir þrælkun í heiminum.



„Okkur finnst að það ætti að vera kennsla í táknmáli svo að allir geti átt í samskiptum“.

„Allir fá að vera þeir sjálfir“.

„Jöfn laun fyrir konur og karla“.

Áhersla var lögð á að bæta þurfi aðgengi að leiksvæðum og byggingum fyrir börn í hjólastólum sem eiga oft erfitt með að sinna áhugamálum sínum til jafns við önnur börn. Fjallað var um mikilvægi þess að almenningssvæði séu aðgengileg fyrir alla. Þá vildu þau að börn fengju tækifæri til þess að hafa áhrif á samfélagið og barnaþing væri haldið oftar.

UMHVERFIS- MÁL

Umhverfismál voru rædd á flestum borðum. Barnaþingmenn vildu meðal annars minnka plastnotkun, draga úr kjötneyslu, bæta flokkun á úrgangi til muna og stuðla að minni bílanotkun. Auk þess var fjallað um mikilvægi þess að koma í veg fyrir matarsóun.

„Við viljum að það verði hætt að nota plast, hætt að framleiða hluti á óumhverfisvænan hátt, flokka betur og nota bíla minna“.

Fram kom að það sé þörf á að fræða börn og fullorðna meira um umhverfismál. Setja eigi upplýsingar um kolefnisfótspor á vörur í búðum. Það eigi að vera kostnaðarsamt að menga og eftirsóknarvert að vera vistvænn. Þá eigi Ísland að vera fyrirmyndarríki þegar kemur að því að draga úr mengun.

„Hægt að nýta veiðiferðir og safna rusli í leiðinni. Hægt að verðlauna þá sem taka þátt. Kannski verðlaunað eftir vikt. Þetta myndi líka hvetja fólk til þess að henda ekki rusli í sjóinn“.



HEILSA OG LÍÐAN

Barnaþingmenn vildu að allir hefðu aðgang að læknishjálp og frítt væri að sækja sér þjónustu hjá læknum, sálfræðingum og tannlæknum. Þessi þjónusta ætti í það minnsta að vera betur niðurgreidd. Einnig vildu þingmenn að börnum með lesblindu, ADHD og aðra sjúkdóma væri veitt aukin aðstoð.

„Andleg heilsa er jafn mikilvæg líkamlegri heilsu“.

„Hjálpa börnum sem líður illa“.

Ýmsar hugmyndir komu fram um hvernig hægt væri að bæta líðan barna. Barnaþingmenn fjölluðu um mikilvægi þess að hafa tíma fyrir sjálfan sig og eyða meiri tíma með fjölskyldu og vinum. Fram kom að öll börn eigi að fá mat og að hollur og góður matur eigi að vera ódýrari. Einnig að mikilvægt sé að koma í veg fyrir allt einelti og auka eigi áherslu á góðmennsku og virðingu fyrir öðrum. Börn eigi ekki að vera hrædd við að segja frá því ef aðrir eru leiðinlegir við þau. Þá þurfi að hvetja og styrkja þá sem eru leiðir og taka betur á því þegar um einelti er að ræða.

Þingmenn vildu að hætt yrði sölu á orkudrykkjum, sígarettum og vörum sem notaðar eru fyrir rafrettur og hætt verði að selja börnum þessar vörur. Þá hvöttu barnaþingmenn alla til þess að hætta þessari iðju. Einnig kom fram að draga þurfi úr fíkniefnaneyslu og efla meðferðarúrræði. Barnaþingmenn vildu að sérstaklega væri gætt að geðheilbrigði barna. Veita þurfi börnum og unglingum sem eru með kvíða, þunglyndi eða aðra sjúkdóma meiri hjálp og styttu þurfi biðlista hjá læknum og sálfræðingum. Þá þurfi að koma í veg fyrir sjálfsvígstílaunir. Í tengslum við líðan barna vildu þingmenn meira frí í skólanum, lengri frímínútur, færri próf og lengra helgarfrí. Þá lögðu þingmenn áherslu á að kennarar sýni nemendum meiri virðingu. Fram kom að það sé mikilvægt fyrir líðan barna að geta haft áhrif á eigin líf og framtíð sína, á þau sé hlustað og reynt að skilja þeirra sjónarhorn.



ÍPRÓTTIR

Það sem barnaþingmenn lögðu hvað mesta áherslu á þegar kemur að íþróttum var annars vegar mikilvægi þess að öllum sé gefinn kostur á því að stunda íþróttir og hins vegar að draga þurfi úr kostnaði við íþróttaiðkun. Þá voru þó nokkrir sem vildu að það væri frítt að stunda íþróttir. Fram kom að samfélög eigi að veita fjárhagsaðstoð, auka eigi styrki frá ríkinu og að skólar eigi að borga með til þess að ná þessu markmiði.

„Minna kostnað í íþróttum! Svo allir geti stundað“.

„Passa uppá andlegu hliðina í íþróttum og tómstundum“.

Áhersla var einnig lögð á það að börn þurfi að hafa tíma til þess að stunda íþróttir og aðrar frístundir. Þá var rætt um mikilvægi þess að börn fái að sinna áhugamálum sínum til þess að stuðla að andlegri heilsu. Barnaþingmenn lögðu ríka áherslu á tengsl íþróttar og andlegrar heilsu, jafnframt var rætt um mikilvægi þess að í íþróttum sé gætt að andlegri líðan barna.



FJÖLSKYLDA OG VINIR



Áhersla var lögð á rétt barna til þess verja meiri tíma með fjölskyldu sinni og hversu mikilvæg og dýrmæt fjölskyldan er. Sérstaklega var fjallað um stöðu fósturbarna. Barnaþingmenn vildu jafnrétti inni á heimilunum og að hlustað sé jafnt á alla meðlimi fjölskyldunnar. Einnig var fjallað um jafnan rétt allra barna á að eiga góða fjölskyldu, heimili og vini. Þá var talið mikilvægt að aðrir aðilar viðurkenni þennan rétt, t.a.m. skólar. Lýst var yfir áhyggjum af heimanámi sem þeim fannst taka tíma frá vinum og fjölskyldu.

„Meiri tíma með vinum og fjölskyldu“.

„Öll börn eiga rétt á heimili“.

„Allir eiga skilið góða vini“.

HEIMSMÁLIN

Barnaþingmenn fjölluðu um heimsmálin og einkum mikilvægi þess að koma í veg fyrir stríð. Þeim þótti mikilvægt að stuðla að friði í heiminum og efla samtal og samstarf á milli heimshluta. Þingmenn vildu að flóttafólk fengi aukna aðstoð og áhersla var lögð á að mannréttindi séu virt alls staðar í heiminum t.d. réttindi samkynhneigðra. Fjallað var um þjóðhöfðinga sem barnaþingmenn töldu að brjóti gegn sínu fólki og ógni frið í heiminum, þar á meðal var fjallað um Donald Trump og Kim Jong-un.

„Sameina þannig að hvert land þarf að taka á móti og dreifa meira flóttafólki“.

„Heimurinn talar saman og lagar þá hluti sem þarf að laga saman. T.d. læknisaðstoð, hungur og stríð“.

„Við viljum leyfa hinsegin pör alls staðar í heiminum án þess að þau verði dæmd“.



SAMGÖNGUR

Í umræðum barnaþingmanna var áberandi áhersla lögð á að hafa frítt í strætó. Mismunandi var fyrir hvaða hópa átti að vera frítt, nefnt var að það ætti aðeins að eiga við um börn og nemendur en aðrir vildu að frítt væri í strætó fyrir alla í samfélaginu. Samgöngumálin voru mikið rædd í samhengi við loftslagsmál og óskuðu barnaþingmenn eftir bættum hjólastígum, fleiri hjólagrindum við skóla og reglulegri strætóferðum.

„Frítt í strætó fyrir alla landsmenn svo fleiri nýti sér það og bílanotkun minnki“.

Rafmagnsbílar komu upp í umræðunum og vildu barnaþingmenn auka hvata almennings til þess að keyra rafmagnsbíla og fá þannig fleiri slíka á göturnar. Þau sáu mikla möguleika til framfara í loftslagsmálum með breyttum samgönguvenjum. Barnaþingmenn vildu verðlauna fólk sem notar strætó, gengur og stundar hjólræið. Þá kom fram að það ætti að vera ódýrara að stunda hjólræið.

„Nota rafmagnsbíla, því að olíubílar menga mikið meira“.

„Auka rafmagnsstöðvar, að ríkið borgi ákveðna prósentu í nýjum rafmagnsbílum. Hækka verð á bensínbílum, lækka verð á rafmagnsbílum. Sektir eftir því sem mengun er meiri“.

Fjallað var um öryggi á götum landsins og mikilvægi þess að bæta götulýsingu. Fram kom að gæta þurfi að öryggi barna sem eru að ganga í skólann, t.d. með því að hafa fleiri umferðarljós. Einnig kom fram að bæta þurfi almennt samgöngur á landsbyggðinni og jafnframt að salta þurfi vegi betur.

VELFERÐ DÝRA

Ljóst er að velferð dýra var barnaþingmönnum hugleikið málefni. Algengt var að tengja saman umhverfismál og kjötneyslu sem og kjötneyslu og velferð dýra. Þingmenn lögðu ekki eingöngu áherslu á stöðu mála hér á landi heldur var þeim ofarlega í huga ástandið úti í heimi. Skógareldar í Ástralíu voru nefndir sem dæmi um tengslin milli umhverfismála og velferðar dýra. Amazon skógurinn og dýrin sem þar búa var meðal umræðuefna á borðum þingmanna. Mikil áhersla var lögð á dýr í útrýmingarhættu og mikilvægi þess að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að hjálpa þeim og vernda. Í því samhengi voru einstaka dýrategundir nefndar sem barnaþingmönnum þótti sérstaklega mikilvægt að vernda, t.a.m. býflugur og fiskar.

„Minna kjötneyslu og hætta dýraniði því það er óréttlátt og því kjöt mengar og við þurfum að bjarga jörðinni strax“.

„Ekki veiða fíla bara fyrir hornin“.

Fram komu ýmsar hugmyndir um næstu skref í málaflokknum. Það væri til dæmis hægt að hafa grænmeti ódýrara, hvetja skóla til þess að hafa oftast grænkerafæði á boðstólum, fræða almenning um dýr og kenna börnum um grænkerafæði í heimilisfræði. Þá þótti þeim mikilvægt að auka eftirlit með dýraniði og taka harðar á þeim málum.



FJÁRMÁL OG ATVINNA

Rætt var um mörg atriði sem tengjast atvinnu og fjármálum. Barnaþingmenn vildu að kennarar, hjúkrunarfræðingar, heimilislæknar og strætóbílstjórar fengju greidd hærri laun. Markmiðið með því væri að fjölga í þessum starfstéttum og auka metnað starfsfólks. Mest áhersla var lögð á það að kennarar fái hærri laun.

**“Borga kennurum og strætóbílstjórum hærri laun. Og heimilislæknum”.
„Kennarar ættu að fá meira borgað því þá liður börnum betur og þá fá börnin betri og skemmtilegri menntun“.**

“Hærri laun í unglingavinnunni”.

Sú hugmynd kom líka fram að börn eigi að fá laun fyrir að vera í skóla. Barnaþingmenn vildu hærri laun í unglingavinnunni. Þá kom fram að laun fyrir ungmenntu ættu almennt að vera hærri og meira framboð á atvinnutækifærum fyrir ungmenntu. Barnaþingmenn vildu að skattar yrðu lækkaðir og sérstaklega var tekið fram að börn eigi að borga lægri skatta. Talsverð áhersla var einnig lögð á það að börn eigi ekki að greiða skatt fyrr en við 18 ára aldur.

“Skattar barna!!! Segjum að þú færð góða vinnu og ert orðinn 16+, þarftu þá að borga skatt? Já, mér finnst að maður eigi að byrja að borga skatt 18 + fjárráða”.

“Hvernig er maður barn 16 ára en byrjar samt að borga skatta þegar maður byrjar að vinna”.



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Útgefandi: Umboðsmaður barna 2020
Útlit og umbrot: Aldeilis auglýsingastofa
Teikningar: Elín Elísabet

ISSN 2710-9615